

Ákærði Jón Gizurarson greiði $\frac{1}{8}$ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00. Allur annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Jóhannesar Ólafssonar og Snorra Laxdals Karlsonar, hæstaréttarlögmanna Einar Baldvins Guðmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500 til hvors. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1948.

Nr. 116/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Alfred Samuel Evans (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt stað togara kærða í landhelgi, og reyndist hann vera rúmlega 0.6 sjómílu innan landhelgilínu. Samkvæmt þessu og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem greinir í héraðsdómi, þykir með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti bera að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 900 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur ekki látið dóm túlk þann, er var viðstaddur þinghöld í málinu og ekki hafði löggingu til þess starfa, vinna heit fyrir dóminum áður en hann hóf starfið. Einnig eru próf málsins ærið ófullkomin, en úr því hefur þó verið bætt að nokkru eftir uppkvaðningu héraðsdóms að tilhlutan sækjanda í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Alfred Samuel Evans greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, 900 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 9. ágúst 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Alfred Samuel Evans, skipstjóra á British G.Y. 249 frá Grimsby, fyrir brot gegn lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 8. maí 1888.

Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum hér á landi:

1921 $\frac{1}{4}$ Sekt, £12—0—0 fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi.

1940 $2\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 19 500 kr. sekt fyrir brot á landhelgislögum.

1942 $1\frac{1}{4}$ Aðvörun fyrir brot á 12. gr. 2. mgr. tollaga nr. 63 frá 1937.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi eru mála-vextir þessir:

Aðfaranótt 8. þ. m. var varðskipið við eftirlit milli Skála og Langaness og lét reka. Kl. 3.30 sást togari, er virtist vera að veiðum á landhelgissvæðinu, og var þegar haldið í áttina til hans. Kl. 3.35 var sett upp stöðvunarkerki og kl. 3.37 var stöðvað í kjölvatni togarans og sett út dufl. Stöðvaði togarinn þá þegar, og reyndist hann vera togarinn British. Hafði hann verið að toga með bakborðsvörpu sinni, en byrjaði nú að vinda hana inn. Var settur út bátur varðsksins og kærði sóttur. Var honum bent á, að hann væri að veiða í landhelgi, og synjaði hann ekki fyrir það, en hafði verið sofandi.

Vegna þess að skuggsýnt var, frestuðu menn fullnaðarmælingu, settu úr vegmæli og sigldu beint að landi. Vegmælir sýndi 28.3 við duflið, en fast við land 30.6, og gaf sömu vegalengd til baka að duflinu aftur kl. 4.55, er gerð var þessi staðarákvörðun:

Gunnólfsvikurfjall

> 45° 37'

Skálar (bærinn)

> 91° 30'

Langanesviti

og dýpi

mælt 55 metrar, er gefur stað 0.7 sjómilur innan landhelgislinu. Staðurinn var mældur í viðurvist kærða og stýrimanns togarans og markaður á sjóupprátt og sýndur þeim, og véfengdu þeir ekki mælingarnar.

Skipherra varðsupsins taldi vissu fengna um, að hér var um landhelgisveiðar að ræða, enda viðurkenndi kærði, að svo væri. Kærði og stýrimaðurinn voru fluttir aftur í togarann svo og tveir varðmenn af varðskipinu, og eftir ósk kærða var siglt til Siglufjarðar.

Kærði hefur hér fyrir réttinum viðurkennt framangreinda skýrslu. Hann hefur skýrt svo frá, að verknaður þessi hafi þó verið framinn án síns vilja og vitundar. Áður en hann lagðist til svefnis, hafi hann skipað stýrimanninum svo fyrir, að toga kring um dufl, er skipið átti um tvær sjómilur utan landhelgi, og að fara ekki grynna en á 40—50 faðma dýpi.

Réttinum hefur ekki þótt þörf að sannreyna þessar staðhæfingar kærða, enda þykir ekki unnt að telja þær leysa hann undan ábyrgð í þessu máli, þótt sannar væru.

Samkvæmt málavöxtum þeim, sem nú hefur lýst verið, þykir kærði hafa gerzt brotlegur við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing hans, með hliðsjón af gullgildi islenzkrar krónu, sbr. lög nr. 4 frá 1924, hæfilega ákveðin kr. 40 000.00 sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans British G.Y. 249, skulu upptæk gerr og andvirði þeirra renna í sama sjóð. Dómkvaddir matsmenn hafa mefið hvorttveggja til peninga, aflann á kr. 13 000.00 og veiðarfæri á kr. 16 705.00. Loks ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Hins vegar þykir hér ekki efni til þess að beita refsíákvæðum 5. gr. laga nr. 5 frá 1920, þar eð dómur sá, er fyrr greinir, frá 20. desember 1940, hefur ekki ítrekunarverkun, sbr. 71. gr. almennra hegningalaga nr. 19 frá 1940.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóm þenna. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð:

Kærði Alfred Samuel Evans greiði kr. 40 000.00 sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuðir í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans British G.Y. 249, skulu upptæk vera til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1948.

Nr. 41/1948. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Hrl. Lárus Fjeldsted)

gegn

Sveinbirni Þórhallssyni

(Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Telja verður, að ákærði hafi með óhæfilega hröðum akstri og ónógri aðgæzlu við aksturinn að öðru leyti orðið valdur að dauða barns þess, er í málinu greinir. Hefur ákærði því brotið lagaákvæði þau, sem til er vitnað í héraðsdómi, og auk þess 2. og 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, sviptingu ökuréttinda svo og málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sveinbjörn Þórhallsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Lárusar Fjeldsteds og Ragnars Jónssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. marz 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 10. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum